



Reykjavík 13. maí 2020

Efni: Leiðbeiningar fyrir vinnuskóla sveitarfélaganna

Sú tilslökunin sem er til staðar núna tók gildi 4. maí 2020 og gildir til 1. júní, aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Mikilvægt er að fylgjast með ákvörðun ráðuneytis um hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma til að fylgja fjöldatakmarkunum. Þær eru kynntar með auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins.

Fjöldatakmarkanir eru ennþá í gildi í íslensku samfélagi, núgildandi reglur kveða á um að ekki komi fleiri en 50 manns saman, reglurnar gilda bæði í opinberum sem og einka rýmum. Með rými er hér átt við það svæði sem starfsmenn nota við störf sín, þ.e. ekki mega fleiri en takmörk segja til um nota sömu salerni, sömu fundaraðstöðu eða kaffistofu.

Mögulega er hægt að nota „stundatöflu“ til að skipta í hópa vegna fundaraðstöðu eða kaffistofu ef ekki er hægt að skipta stærri vinnustað í aðskilin rými, en þá þarf að þrifa/sótthreinsa á milli hópa. Færast aðilar ekki milli rýma og hafa aðgengi að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu þá ætti að vera hægt að opna skrifstofur sveitarfélaganna miðað við 50 manns í hverju rými og 2 metra regluna.

Hér er átt við eldri einstaklinga en 16 ára, þau sem yngri eru búa ekki við neinar fjöldatakmarkanir. Flokkstjórar þurfa að virða 2 metra regluna sín á milli ásamt því að funda ekki fleiri en 50 saman.

Áherslu punktar:

- Börn á grunnskólaaldri mega blandast saman við skilgreindar aðstæður lögbundinnar þjónustu (s.s. í skólastarfi) og í æskulýðsstarfi og þarf því ekki að fækka þeim hópum sérstaklega nema vegna flokkstjóra.
- Ef starfsfólk notar vinnubíla, þarf að virða 2 metra regluna. Bendum á leiðbeiningar fyrir atvinnubílstjóra sjá [hér](#).
- Kaffitímar flokkstjóra þurfa að vera takmarkaðir í samræmi við gildandi hámark hverju sinni og virða þarf 2 metra regluna.
- Strætóferðir með hópa eru í lagi, þar þarf að virða þær reglur sem gilda í strætó, sjá [hér](#).
- Á námskeiðum sem þarf að ahalda fyrir leiðbeinendur þarf að virða 2 metra regluna og gildandi fjöldatakmarkanir.
- Komi upp smit eða grunur um smit á leikjanámskeiði eða meðal sumarstarfsmanna í vinnuskóla þá er það smitakningarteymi sem tekur ákvarðanir varðandi einangrun og sóttkví sem og með framhald námskeiðs. Sjá viðhengi að gátlista hér fyrir neðan.

Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 er enn í gildi og því mikilvægt viðhafa áfram almennar sóttvarnaráðstafanir samkvæmt gildandi reglum.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Að á vinnustöðum og í allri starfsemi sé tryggt að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki deila heimili.
- Þrifa verkfæri bæði milli hópa sem og í lok dags.
- Hreinsa/sóttthreinsa alla snertifleti eins oft og unnt er.
- Starfsmenn bera ábyrgð á sínum vinnufatnaði og ber að þvo reglulega.
- Spritta skal öryggisvesti í lok dags.
- Aðgangur að sóttthreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.

Ef upp kemur smit þarf að fylgja eftirfarandi gátlista: <https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/04/Lei%C3%B0beiningar-ef-upp-kemur-smit-%C3%AD-stofnunum-og-%C3%A1-starfst%C3%B6%C3%B0vum-sveitarf%C3%A9laga-30.04.2020.pdf>

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is